

Nd.

634. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem komið er frá hv. Ed., og mælir með því, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi :

BREYTINGU :

Við ákvæði til bráðabirgða:

2. og 3. málsl. 2. liðs orðist svo:

Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika til þess að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þessara, og er ráðherra heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í síðastnefndu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimilað að gera samkvæmt lögum þessum.

Alþingi, 28. des. 1939.

Bergur Jónsson,	Vilm. Jónsson,	Thor Thors,
form.	fundaskr.	frsm.
Sveinbjörn Högnason.	Garðar Þorsteinsson.	